



## FUNDARGERÐ

### 43. fundur Odda bs

**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 5. nóvember 2025  
og hófst hann kl. 08:15.**

#### Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri, sat fundinn undir liðum 1 og 2.

#### Dagskrá:

##### 1. Gjaldskrá Odda bs. 2026 - 2510266

Lögð fram og rædd tillaga að gjaldskrá fyrir Odda bs fyrir árið 2026. Lagðar eru til litiðáttar breytingar til einföldunar varðandi stigskiptingu gjaldskrárinnar.

Gert er ráð fyrir að leikskólagjöld, fæðisgjöld, gjöld vegna skóladagheimila og önnur gjöld hækki í samræmi við verðlagsþróun.

Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2026.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

##### 2. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2026 - 2509006

Lögð er fram og rædd tillaga að fjárhagsáætlun 2026 fyrir Odda bs. Stjórnin hefur átt vinnufund m.a. með öllum skólastjórum byggðasamlagsins og farið yfir þeirra áherslur. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna Odda bs verði kr.

1.945.856.000 sem er 9,2% hækkun frá áætlun síðasta árs en 4,1% án innri leigu en hún hækkar verulega vegna nýbyggingar Grunnskólans á Hellu. Framlöggin skiptast þannig að hlutur Rangárþings ytra verður kr. 1.724.187.607 og hlutur Ásahrepps kr. 221.668.393. Áætlunin miðar við fjölda grunn- og leikskólabarna þann 1. október 2025 sem er 277 grunnskólabörn og leikskólabörn sem telja 149 barngildi. Tillaga er um að samþykkja fjárhagsáætlun 2026 fyrir Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

##### 3. Skólastjórar Odda bs. Stöðuýfirlit 2025. - 2501053

Á fundinn mæta Kristinn Ingi Guðnason aðstoðarskólastjóri Grunnskólans á Hellu og Ragna Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri Laugalandsskóla og gera grein fyrir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

57  
Ela  
MAG  
10/11

**4. Símareglur í Laugalandsskóla - 2510168**

Lögð fram fyrirspurn frá Freyju Dögg Vignisdóttur varðandi farsímareglur í Laugalandsskóla. Lagðar fram upplýsingar frá skólustjóra um innleiðingu á reglunum.

Stjórn þakkar fyrir ábendinguna. Í samtali við aðstoðarskólustjóra í Laugalandsskóla og Grunnskólanum á Hellu kemur fram að reglurnar eru mjög áþekkar. Stjórn felur skólustjórum að samræma reglurnar eins og kostur er.

Samþykkt samhljóða.

**5. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 2510173**

*Trúndarmál*

Fært í trúndarmálabók.

**6. Leikskólinn Laugalandi - Beiðni um úthlutun útikennslusvæðis - 2510061**

Lagt fram erindi frá Leikskólanum Laugalandi, ósk um að Leikskólinn fái úthlutað afgirtu landi Mýrarkots sem afmælisgjöf í tilefni 30 ára afmæli Leikskólans.

Stjórn Odda bs. þakkar fyrir erindi Leikskólans á Laugalandi og finnst hugmyndin góð. Stjórn Húsakynna hefur samþykkt að framkvæmdin fari inn á fjárhagsáætlun 2026.

Samþykkt samhljóða.

**7. Umsjón bókasafnsins í Þykkvabæ - 2510009**

Lagt fram erindi frá íbúum í Þykkvabæ þar sam farið er fram á að bókasafningu í Þykkvabæ sem staðsett er í íþróttahúsinu verði haldið opnu einu sinni í viku í klukkutíma í senn á tímabilinu október til maí.

Stjórn Odda felur sveitarstjóra að skoða leiðir til að halda bókasafninu opnu í samræmi við framangreindar óskir.

Samþykkt samhljóða.


**8. Ósk um samstarf vegna landsfyrirlagnar stöðu- og framvinduprófa í lesskilningi og stærðfræði - 2510311**

Lagt fram til kynningar.


**9. Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2025 - 2510182**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30.

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Eggert Valur Guðmundsson

  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson

  
Ísleifur Jónasson

  
Páll Pálsson

  
Jón S. V. Guðsson

